



Reykjavík, 6. maí 2024  
USK23100225

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð  
**Sendandi:** Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

22.11.2023: Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðhaldsáttak við gangbrautir og hraðahindranir, sbr. 21. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 18. október 2023.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 18. október 2023:

*Lagt er til að ráðist verði í viðhaldsáttak við hlaðnar gangbrautir og hraðahindranir í Reykjavík. Slíkt viðhald hefur verið vanrækt þannig að mjög víða um borgina hafa hleðslusteinar losnað frá og brotnað upp úr gangstéttum og hraðahindrunum. Þetta hefur þær afleiðingar að á fjölmörgum gangbrautum hafa myndast holur og ójöfnur. Slíkt hefur óþægindi og hættur í för með sér, ekki síst fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Óskynsamlegt er að láta slíkt viðhald reka á reiðanum þar sem lausir hleðslusteinar eru fljótir að smita út frá sér og valda þannig enn meiri skemmdum og óþægindum fyrir vegfarendur.*

Umsögn:

Eins og kemur fram í greinagerð með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024, verður unnið að viðhaldsáætlun gatna, stíga og hraðahindrana, þar sem áhersla á árinu verður lögð á viðhald stíga og viðhald/endurgerð hraðahindrana.

Að auki er vinna í gangi að uppfæra hönnun á hraðahindrunum þar sem áherslan er lögð á lengri líftíma, minna viðhald og umferðaröryggi. Stefnt er að því að endurgera 10-15 hraðahindranir með uppfærði hönnun á þessu ári.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds



Reykjavík